

- 28 6. flokkur. Gjald 50 aurar fyrir hver 100 kg. Allar aðrar vörur, sem venja
9. marz er að greiða flutningsgjöld fyrir eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 5 aurar fyrir hvert teningsfet. Trjáviður og þess háttar vörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet. Húsgögn, hljóðfæri og aðrar léttavörur, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
9. flokkur. Gjald 12,5 aurar fyrir hvert stykki. Tómar tunnur.
10. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert stykki. Sauðfénaður.
11. flokkur. Gjald 1 króna fyrir hvert stykki. Nautgripir, hross.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru til innanlandshafna, greiðist hálfvörugjald.

8. gr.

Vörugjald samkv. reglugerð þessari er fallið í gjalddaga, þegar skip eða bátar eru komnir í höfn með vöruna eða varan er komin í skip til burtflutnings.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40, 19. júní 1933 til þess að öðlast þegar gildi og til að gilda til ársloka 1935. Birtist hún til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

29

12. marz

VIÐAUKI

við samþykkt um stjórn bæjarmálefna Reykjavíkur frá 23. júlí 1932.

1. gr.

Aftan við 18. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein, er orðist þannig: Í forföllum borgarstjóra gengur borgarritari í hans stað, nema það sé sérstaklega öðrum falið. Borgarritari annast og daglegar afgreiðslur fyrir hönd borgarstjóra, eftir því sem það verður honum falið.

2. gr.

Á eftir 18. gr. samþykktarinnar komi ný grein, sem verður 19. gr. og breytist greinatalan samkvæmt því. Hin nýja grein orðist þannig:

Borgarritari skal vera embættisgengur lögfræðingur. Hann stendur beint undir borgarstjóra, og skal hafa á hendi stjórnina á innheimtu bæjartekna, umsjá sérstakra sjóða bæjarins og störf skrifstofustjóra að því er kemur til fjármála, fasteignamála og þeirra annara mála, sem ekki eru lögð undir skrifstofustjóra, framfærslu- og félagsmála. Hann skal og flytja mál bæjarins fyrir undirrétti, nema málf lutningur sé í einstökum tilfellum öðrum falinn sérstaklega.

3. gr.

Á eftir 1. lið í upptalningu starfsmanna bæjarins í 20. gr. (sem verður 21. gr.) komi nýr liður:

2. Borgarritari.

Liðatalan breytist samkvæmt því.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkur hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt tilskipun 20. apríl 1872, sbr. lög nr. 59, 14. júní 1929 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

um staðfesting dómsmálaráðuneytisins á viðauka við 20. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hér með staðfestur eftirritaður

VIÐAUKI

við lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar, frá 31. marz 1928.

Við 20. gr. bætist:

Unglingum innan 16 ára aldurs er bannað að sækja dansleiki fullorðinna og gangast fyrir danssamkomum barna á svipuðu reki. Ennfremur skal lögreglustjóra heimilt að banna stöður barna og unglunga á þessu reki í knattborðssal.

Viðauki þessi öðlast gildi 1. apríl 1934.

Þetta birtist hér með til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 16. marz 1934.

Magnús Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.